

(A. XVIII, 3).

Nd.

80. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, var af fjárveitinganefnd efri deildar lagt fyrir Alþingi á þinginu 1923 og var samþykkt í deildinni. En þar sem áliðið var þingsetu, varð frv. ekki útrætt í neðri deild.

Vjer undirritaðir nefndarmenn teljum óhjákvæmilegt annað en að hækka að verði nokkuð legkaupið, þar sem kirkjugarðurinn hefir orðið og mun halda áfram að verða allþungur baggi á rikissjóði. En þegar litið er á hitt, að legkaup

er hvergi greitt annars staðar er hjer í Reykjavík, þykir oss fulldjúpt í árinna tekið í frv. þessu, en teljum sanngjarnt, að hækkunin nemi nm helmingi frá því er nú er. Viljnm vjer þess vegna mæla með því, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. gr. frumvarpsins skal orða svo:

3. gr. laga nr. 38, frá 3. nóv. 1915, skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 4 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 8 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 16 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, múra upp gróf eða kringum leiði, og skal þá greiða 32 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 75 kr. fyrir það, og þar að auki 30 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

Alþingi, 3. mars 1924.

Jón Kjartansson.
framsm.

Jörundur Brynjólfsson.